

## Stofnanasamningur

milli Félags sjúkrabjálfara (FS) annars végar og Heilsustofnunar  
Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ) hins végar

### 1. Gildissvið

Samstarfsnefnd Félags sjúkrabjálfara (FS) annars végar og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ) hins végar gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa sjúkrabjálfara við stofnunina. Samningur þessi nær til allra félagsmanna í FS sem starfa hjá HNLFÍ í Hveragerði fyrir utan yfirsjúkrabjálfara.

Stofnanasamningur þessi er sjálfstæður viðbótarsamningur við aðalkjarasamning Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) annars végar og Félags sjúkrabjálfara hins végar frá 1. júní 2018 með áorðnum breytingum og kjarasamning (tengisamning) Félags sjúkrabjálfara og HNLFÍ frá 5. júní 2018. Við undirritun þessa samnings falla allir eldri samningar úr gildi, aðrir en þeir sem hér eru nefndir.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFÍ) er í samningi þessum nefndur vinnuveitandi. Samningur SFV og Félags sjúkrabjálfara er nefndur aðalkjarasamningur, samningur á milli HNLFÍ og FS er nefndur kjarasamningur (tengisamningur), samningur sá er hér um ræðir er nefndur stofnanasamningur.

Samningur þessi inniber menntunarákvæðið, sem um er getið í 2. gr. Samkomulags SFV og FS dags. 23. október 2015 er varðar útfærslu menntunarákvæðis

3A

JK

## 2. Markmið

Með gerð stofnana samnings stefna samningsaðilar að eftirfarandi markmiðum:

Að þróa og útfæra skilvirkta launakerfi sem taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum HNLFÍ, hvetji til árangurs og að starfsmenn geti aukið við hæfni sína og þróast í starfi.

Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem HNLFÍ er ætlað að sinna.

Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.

Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum HNLFÍ og verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna afkasta.

Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynja. Konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.

## 3. Starfaflokkun

### Sjúkraþjálfari A: Grunnröðun í launaflokk 7

Nýútskrifaður sjúkraþjálfari, byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar reyndslu en starfar sjálfstætt eftir því sem yfirmaður ákveður.

### Sjúkraþjálfari B: Grunnröðun í launaflokk 8

Hefur starfað í allt að eitt ár. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni deild. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir.

### Sjúkraþjálfari C: Grunnröðun í launaflokk 9

Er fær í starfi, stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni deild og er virkur í teymisvinnu.

**Sjúkrabjálfari D:** Grunnröðun í launaflokk 10. Klínískur kennari.

Hefur starfað að lágmarki tvö ár. Er fær í starfi, stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni deild og er virkur í teymisvinnu. Tekur nema í starfsþjálfun í samráði við deildarstjóra.

**Sjúkrabjálfari E:** Grunnröðun í launaflokk 10. Sviðsstjóri.

Mjög vel fær í starfi, virkur í teymisvinnu og situr í teymi/teymisstjóri fyrir hönd deildarinnar og innleiðir nýjungrar á sínu fagsviði. Skipuleggur og veitir fræðslu. Leiðbeinir samstarfsfólki og er hæfur til að taka nema í starfsþjálfun. Tekur ábyrgð á tilteknum verkefnum sem deildarstjóri felur honum.

Grunnröðun starfs í launaflokk er lágmarks röðun.

#### 4. Persónubundnir þættir

Störf sjúkrabjálfara grunnraðast í þrep 1 í launatöflunni þar sem sjúkrabjálfaranám er 240 ECTS eininga nám.

**4.1. Formleg viðbótarmenntun sem nýtist í starfi og er umfram kröfur til starfsins skal meta til hækunar sem hér segir:**

30 ECTS einingar	1 þrep
60 ECTS einingar	2 þrep (1 þrep til viðbótar 30 ECTS einingum)
120 ECTS einingar (MS gráða)	1 launaflokkur til viðbótar fyrri þrepum
Doktorspróf	2 launaflokkar til viðbótar mastersprófi (með fyrirvara um túlkun á úrskurði gerðardóms)

Mest er hægt að fá 3 launaflokka og 2 þrep vegna formlegs viðbótarnáms

Sérfræðileyfi í sjúkrabjálfun frá Embætti Landlæknis      1 launaflokkur til viðbótar

Hámarksviðbót vegna viðbótarnáms og sérfræðileyfis er 4 launaflokkar og 2 þrep.

#### 4.2. Önnur viðbótarmenntun/námskeið sem nýtist í starfi

Hafi sjúkrapjálfari aflað sér viðbótarmenntunar með því að sækja námskeið/ráðstefnur í faginu eða með öðrum skipulegum hætti svo meta megi til ákveðins stundafjölda, skal meta hana til hækkunar frá grunnröðun sem hér segir:

60 stundir hækka röðun um 1 álags þrep

120 stundir hækka röðun um 1 álags þrep til viðbótar

180 stundir hækka röðun um 1 álagsþrep til viðbótar

240 stundir hækka röðun um 1 álagsþrep til viðbótar

300 stundir hækka röðun um 1 álagsþrep til viðbótar

360 stundir hækka röðun um 1 álagsþrep til viðbótar

Mest er hægt að fá 6 þrep fyrir klínísk námskeið

#### 4.3. Starfsreynsla í fagi

Eftir 3 ár      1 þrep

Eftir 6 ár      1 þrep

Eftir 10 ár      1 þrep

#### 4.4 Tryggð við stofnun

Eftir 8 ár      1 þrep

Eftir 15 ár      1 þrep

#### 4.5. Persónubundin hæfni. Heimilt er að greiða 1 þrep fyrir að uppfylla 5 af eftifarandi skilyrðum:

-Sýnir góðan og viðvarandi árangur í starfi

-Sýnir áhuga og frumkvæði

-Býr yfir hæfni við lausn vandamála og ákvarðanatöku

-Sýnir ástundun og samviskusemi, hæfni til samvinnu og samskipta

-Hefur jákvæð viðhorf til starfs síns og er sveigjanlegur

-Hefur frumkvæði að því að afla sér símenntunar og bekkingar sem nýtist í starfi

-Hefur góða skipulags- og stjórnunarhæfileika

-Tekur að sér fyrirlestra

## 5. Tímabundnir þættir

Um viðmið launa vegna tímabundinna þátta er heimilt að líta til viðbótarábyrgðar og/eða álags vegna sérstakra verkefna, einkum eftirfarandi

- Álag vegna aukinna verkefna, innleiðing nýrra verkefna eða vegna manneklu
- Álag vegna sérstakra verkefna sem ráðist er í
  - Fyrirlestrar, fræðsluerindi eða greinaskrif fyrir hönd stofnunar Greiðslur vegna tímabundinna þátta geta að hámarki numið 4 þrepum.

## 6. Vinnufatnaður

Sjúkrabjálfarar fá til eignar einn vinnugalla ~~þ~~ og einn vinnubol á ári og skulu sjálfir sjá um þrif á sínum fatnaði.

## 7. Einstök atriði

7.1. Vegna ákvæðis Gerðardóms (2. Gr. Samkomulags SFV og FS dags. 23. október 2015) er varðar útfærslu menntunarákvæðis, skal sú upphæð (1,65% af grunnlunasummu starfsmanna) sem þar er eyrnamerk mati á menntun og gildir frá 1. júní 2016 til 1. júní 2018 reiknuð út og dreift jafnt yfir þá starfsmenn sem samningur þessi tekur til. Eingreiðsla verður greidd í síðasta lagi þann 15. júlí 2018. Greiðslan er óháð launaröðun starfsmanna en í samræmi við starfshlutfall þeirra og starfstíma á umræddu tímabili.

7.2. Þegar um er að ræða námskeið/ráðstefnu sem haldið er utan hefðbundins vinnutíma, er heimilt að veita starfsmanni einn frídag á móti ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Að sótt sé um námskeiðið fyrirfram með venjulegum hætti
- Að um sé að ræða námskeið sem nýtist í starfi
- Að starfsmaður hefði fengið launað leyfi frá störfum ef það hefði verið haldið á virkum dögum.

## Bókun 1

Aðilar eru sammála um að eldri ráðingarsamningar með ákvæði um að um réttindi og skyldur starfsmanns fari að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, haldi gildi sínu að fullu.

BR

JL

Leyfið er að hámarki einn dagur á móti helgarnámskeiði en þó aldrei meira en sem nemur þeim tíma sem námskeiðið sjálft tekur. Leyfi þetta skal tekið við fyrsta tækifæri að höfðu samráði við yfirmann.

7.3. Launaröðun sjúkrabjálfara skal yfirfarin og því lokið fyrir 1. júlí 2018. Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar sbr. 11 kafla kjarasamnings.

#### 8. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2018 og skal endurskoðaður eigi síðar en eftir tvö ár, í samræmi við ákvæði kjarasamnings SFV og FS.

Hveragerði, 5. júní 2018

Fh. Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags  
Íslands

Breyjanfórm

Fh. Félags sjúkrabjálfara

Illúru Þóðóttir  
Halldóra Sigurdardóttir  
Guðni Þasta Guðarsdóttir  
Heidi Ólafsdóttir Ema Höðversdóttir

Fylgiskjal: Bókun 1.